




Breiðholtsskóli
Ábyrgð - Traust - Tillitssemi



NÁMSVAL 2022-2023

9. OG 10. BEKKUR

Þessi bæklingur inniheldur yfirlit yfir valgreinar fyrir nemendur í 9.-10. bekk Breiðholtsskóla veturinn 2022-2023. Nám í 9.-10. bekk skiptist í kjarnagreinar og valgreinar. Nemendur taka kjarna samkvæmt aðalnámskrá. Mikilvægt er að vanda valið á valgreinum og taka mið af hæfni og áhuga hvers og eins.

Kjarnagreinar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

Fög	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur.
Íslenska	6	6	6
Stærðfræði	6	6	6
Enska	4	4	4
Danska	4	3	3
Náttúrufræði	3	3	3
Samfélagsfræði	4	4	4
Íþróttir	2	2	2
Sund	1	1	1
Náms- og starfsráðgj.			1
Umsjón	1	1	1
Upplýsingatækni	2		
Sjónlistir	2		
Sviðslistir	2		
Verkgreinar	2		
Samtals stundir	37	30	31

Valgreinar eru hluti af skyldunámi í grunnskóla. Val nemenda hefur áhrif á skipulag skólustarfsins, því getur verið erfitt að breyta valgreinum eftir að skóli hefst að hausti. Mikilvægt er að vanda valið og forgangsraða þeim greinum sem óskað er eftir þannig að það sem nemendur hafa mestan áhuga á verði nr. 1, næst nr. 2 og svo framvegis. Nemendur eru með 30 stundir á viku í kjarnafögum og 6 stundir á viku í valgreinum að meðaltali yfir veturinn

Vegna fjöldatakmarkana í hópum er ekki hægt að ábyrgjast að nemendur fái allar valgreinar sem þeir hafa óskað eftir.

Eftir að valblaði hefur verið skilað inn er ekki hægt að breyta vali.

Munið að skila inn námsvali fyrir 20. maí 2022

Afrísk matargerð - 2 stundir ½ vetur

Nemendur fá tækifæri til að elda afrískan mat. Nemendur fræðast um afríska matarmenningu, krydd og algeng hráefni frá Afríku. Talað verður um menninguna og söguna á bak við uppskriftirnar og áhrif sem afrísk matarmenning hefur haft.

Markmið/áherslupættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- kynnist ólíkum hefðum í matargerð
- þjálfist í að nota mismunandi krydd
- þjálfist í að matreiða afrískan mat
- kynnist afrískri matarmenningu

Námsmat: Áhugi, virkni, sjálfstæði og framsetning.

Afródans - 2 stundir ½ vetur

Nemendur fá kennslu í afródansi og trommuleik. Afródans byggist á þátttakendum og áhorfendum og áhorfendur eru hluti af dansgjörningnum. Afródans byggir á sögum, spakmælum og ljóðum og það eru engar hindranir milli dansara og áhorfenda.

Markmið/áherslupættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- læra að hreyfa sig eftir afrískum takti
- læri um menningarlegt gildi dansins í Afríku

Námsmat: Þátttaka og virkni.

Árbók - 2 stundir ½ vetur, eftir áramót. Einungis fyrir 10. bekk

Nemendur vinna að árbók 10. bekkjar. Í því felst umsjón með árbók sem gefin er út að vori.

Markmið/áherslupættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- þjálfist í áætlanagerð, verkaskiptingu og uppsetningu tímaplana
- sýni frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í samskiptum við samnemendur, prentsmiðjur og fyrirtæki
- öðlist skilning á kostnaðarliðum prentverka og skoði leiðir til að fjármagna útgáfu árbóka
- þjálfist í ritun ólíkra texta s.s. ávarpa til samnemenda, tölvupósta til fyrirtækja og tilboða til prentsmiðja
- kynnist ýmsum forritum sem tengjast uppsetningu bóka, rafbóka og grafískri hönnun
- vinni skapandi verkefni sem tengjast ljósmyndun og myndvinnslu

Námsgögn og kennsluefni:

Unnið er út frá áætlun og tímaplani sem nemendur og kennari setja saman og stuðst við fyrri árbækur Breiðholtsskóla.

Munið að skila inn námsvali fyrir 20. maí 2022

Námsmat: Virkni, þátttaka, sjálfstæði og skil á verkþáttum skv. verkaskiptingu sem lagt er af stað með í upphafi námskeiðs.

Árshátíðarval - 1 stund allan vetur

Nemendur skipuleggja árshátíð skólans og byggja upp stemningu meðal nemendahópsins.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- sýni frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í samskiptum við samnemendur, starfsfólk og stjórn skólans
- taki þátt í að byggja upp samkennd og samfélagslega ábyrgð í nemendahópnum
- þjálfist í ritun ólíkra texta s.s. auglýsinga, ávarpa til samnemenda, og tölvupósta til skólastjórnenda og fyrirtækja
- þjálfist í notkun forrita sem tengjast uppsetningu veggspjalda, gerð aðgöngumiða, verðskráa, viðurkenningarskjala og þess háttar
- læri að meta viðburði að þeim loknum, skoða það sem vel gekk og finna leiðir til að bæta skipulag ef þarf

Námsmat: virkni í tímum, þátttaka á undirbúningi árshátíðar, áhugi, ástundun og skil á verkþáttum samkvæmt verkaskiptingu sem lagt er af stað með í upphafi námskeiðs.

Boltaval - 2 stundir allan vetur

Nemendur öðlast þekkingu og færni í hinum ýmsu boltaíþróttum. Farið er yfir tæknina í helstu boltagreinum.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- öðlist dýpri skilning á boltagreinum
- læri helstu leikreglur í hverri íþróttgrein
- fái tækifæri til þess að dæma knattleiki
- skilji að í boltaíþróttum eru allir spilarar jafn mikilvægir
- læri undirstöðuatriði liðssamvinnu og geti útfært þessi atriði í leikrænum æfingum og leikæfingum
- fái grunnþekkingu í uppbyggingu þjálfunar í hverri boltagrein.
- fari eftir samþykktum reglum, styðji hver annan á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Bíó þrjón - 2 stundir ½ vetur

Nemendur læra undirstöðuatriði í að þrjóna, búa til munstur með slétttri og brugðinni lykkju og þrjóna i-cord kant. Helstu áhöld og garntegundir verða kynntar og nemendur þrjóna síðan tusku úr bómullargarni. Þegar nemendur hafa náð tökum á þrjónaskapnum verður valin mynd til að horfa á meðan er þrjónað.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- læri að njóta og slaka á meðan þrjónað er
- geti þrjónað og horft á kvikmynd
- geti unnið með þrjónauppskrift
- geti beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.

Námsmat: Ástundun, virkni, sjálfstæði og vandvirkni.

Enski boltinn og meistaradeildin - 2 stundir allan veturinn

Farið verður í sögu ensku úrvalsdeildarinnar. Nemendur skipta með sér að greina þau 20 lið sem eru í deildinni. Búa til samanburð milli ára í súluritum, skífum og línuritum. auk umfjöllunar um liðin og leikmenn. Búnar verða til kynningar þar sem nemendur kynna sín verkefni í formi texta og tölfraði. Unnið verður með tölvur í tímum og fyrirlestrar unnir á formi Power point og sambærilegra forrita.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Að fótboltaáhugamenn geti nýtt áhuga sinn og þekkingu við að búa til skemmtileg og fjölbreytt verkefni, þeim og samnemendum til skemmtunar, fróðleiks og ánægju. Hér fléttast saman íþróttir, upplýsingatækni, íslenska, enska, stærðfræði, landafræði o.fl.

Námsmat: Virkni í tímum, margmiðlunarverkefni, skýrsluskil og önnur verkefni.

Eurovision gleði - 2 stundir allan veturinn

Fyrir áramót munu nemendur skoða sögu Eurovision söngvakeppninnar. Það verða tvær kynningar fyrir áramót og verða þær kynntar síðar. Unnið verður í hópum að kynningunum og búnar til glærur. Búin verður til skoðanakönnun sem verður lögð fyrir miðstig og unglíngastig.

Eftir áramót verður keppnin árið 2023 skoðuð í þaula. Við horfum á Alla leið, veljum okkar uppáhaldslag og verðum svo með einhverskonar veðbanka fyrir allar keppnirnar þrjár. Möguleiki er að teknir verði tveir til þrjár tímar hvora önn, þar sem sungin verða lög úr keppnunum. Lögð verður áhersla á gleði og hamingju og að hver og einn fái að blómstra á sinn hátt.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- kynnist betur Eurovision keppninni
- finni sér uppáhalds lag keppninnar árið 2023 og allra tíma

Munið að skila inn námsvali fyrir 20. maí 2022

- finni gleðina í því að hlusta á mismunandi tungumál
- beri virðingu hver fyrir öðrum og hlusti hvert á annað.

Námsmat: Ástundun, áhugi og virkni.

Fjármálalæsi - 2 stundir ½ vetur

Farið yfir helstu atriði sem viðkoma almennum hlutum í daglegu lífi og snúa að fjármálalegum atriðum. Vextir, kostnaður, bókhald, lífeyrismál, sparnaður, lántaka og gengi eru meðal umfjöllunarefna.

Markmið/áherslupættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- efli hæfni sína við að taka skynsamlegar ákvarðanir í daglegu lífi er varðar fjármál.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Formlegt nám utan skóla (listnám, tónlistarskóli og/eða íþróttir) - 2 stundir á viku allan veturinn

Nemendur sem stunda listnám /og eða íþróttanáms/tómstundarstarf við viðurkennt tómstundarstarf, tónlistarskóla/ íþróttafélag geta fengið það metið sem valgrein. Sækja þarf formlega um að nám/æfingar séu metnar sem val.

Forsendur fyrir umsókn eru eftirfarandi:

Námið sé formlegt, til sé áætlun um námið, markmið og mat á árangri. Tímasókn sé skráð. Allur kostnaður sé greiddur af foreldrum.

Foreldrar sækja formlega um fyrir börn sín. Eftirtalin gögn verða að fylgja: Vottorð frá skóla eða kennsluaðila um uppbyggingu námsins, markmið og mat. Tímafjöldi og skráning.

Foreldrar bera ábyrgð á þessu námi barna sinna gagnvart Breiðholtsskóla og láta vita ef einhver misbrestur verður á.

Umsóknareyðublað fylgir með námsbæklingi en fæst einnig á skrifstofu skólans.

Fornám ökunáms - 2 stundir ½ vetur. Einungis í boði fyrir fyrir 10. bekk

Nemendur fræðast um þætti sem tengjast ökunámi og akstri að því loknu. Þeir kynnast viðhorfum sem tengjast umferð og umferðarmenningu.

Markmið/áherslupættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- kynnist búnaði ökutækis
- læri að þekkja umferðarmerkingar
- læri að þekkja umferðarreglur
- kynnist og læri um orsakir umferðarslysa og áhættuþætti í umferð
- móti viðhorf gagnvart ölvunar- og hraðakstri
- fái heildstæða mynd af ökunámi

Munið að skila inn námsvali fyrir 20. maí 2022

- verði hæfari til að taka bílpróf þegar þar að kemur.

Námsbækur: bókin „Akstur og umferð, almennt ökunám“ eftir Arnald Árnason og efni frá kennara.

Námsmat: Símat byggt á verkefnum nemenda, ástundun og virkni í tímum.

Frístundaval - 2 stundir ½ vetur

Nemendur eiga kost á að fara í frístundamiðstöðina Bakkasel einu sinni í viku. Nemendur fara í frístund og aðstoða starfsfólk, kynna sér starfsemi frístundarinnar og sinna börnunum þar. Valgreinin hefst á því að nemendur fá fræðslu um frístundastarf og þær starfsreglur sem gilda í starfi með ungum börnum.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

- að gera nemendur sjálfstæðari og meðvitaðri um félagsstarf/frístundastarf
- að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í félagsstarfi
- að öðlast skilning á ólíkum þörfum barna
- að kynnast frístundastarfi.

Námsmat: Ástundun, virkni og framkoma.

Heimanámsaðstoð - 2 stund allan veturinn

Nemendur fá aðstoð við heimanám sitt. Hafi þeir ekkert heimanám ber þeim að lesa í kennslustundinni.

Heimilisfræði - 2 stundir ½ vetur

Í heimilisfræðivali fá nemendur þjálfun í að matreiða fjölbreyttan og hollan mat samkvæmt manneldismarkmiðum. Þeir vinna sjálfstætt eftir að kennari hefur farið yfir vinnuferlið. Mikið er lagt upp úr að matur sé snyrtilega borinn fram og frágangur til fyrirmyndar. Ánægjuleg samskipti og virðing fyrir skoðunum annarra, kurteisi og tillitssemi eru alltaf í athugun.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- þjálfist í að matreiða fjölbreyttan, girnilegan og hollan mat samkvæmt manneldismarkmiðum
- öðlist færni í að beita fjölbreyttum matreiðsluaðferðum
- kynnist matargerð frá mismunandi löndum
- þjálfist í að skipuleggja, útbúa og bera fram mat við ýmis tækifæri
- tileinki sér hreinlæti í verki við heimilisstörfin
- læri að vinna sjálfstætt, í hóp og í samvinnu við aðra.

Kennslugögn: Uppskriftir fyrir unglíngastig, verkefnablöð, uppskriftir úr íslenskum og erlendum matreiðslubókum.

Námsmat: Vinna í kennslustundum, sjálfstæði og frágangur er metinn.

Munið að skila inn námsvali fyrir 20. maí 2022

Jóga og slökun - 2 stundir ½ vetur

Áhersla á slökun, hugleiðslu, öndunaræfingar og tónheilun. Notast er við liggjandi leidda hugleiðslu sem heitir jóga nidra og er ævaforð hugleiðslutækni. Nemendur kynnast leið til að ná dýpsta stig hugleiðslu sem hefur áhrif til heilunar, losar um streitu og bætir svefn.

Markmið/áherslupættir/hæfniviðmið:

Nemendur öðlist leikni í að:

- nýta sér öndun og slökun í daglegu lífi
- stunda jóga sér til heilsubótar
- skapa jafnvægi í líkama, tilfinningum og huga.

Námsmat: Ástundun og virkni

Kynja- og kynfræðsla - 2 stundir ½ vetur

Nemendur læra um kynheilbrigði, góð og heilbrigð samskipti. Skoðuð verða regnhlífarhugtök og farið í hinsegin fræðslu og hugtök eins og kyn og kyngervi tekin fyrir. Áhersla er á að nemendur séu virkir þátttakendur í umræðum og að þeir geti leitað svara við þeim spurningum sem á þeim brenna er viðkoma efninu.

Markmið/áherslupættir/hæfniviðmið:

Að nemendur fræðist almennt um kynheilbrigði, kynvitund og að þeir öðlist öryggi og kjark til að ræða þessi mál. Sérstök áhersla verður lögð á heilbrigð samskipti og að nemendur kunni að þekkja sín mörk.

Námsmat: Þátttaka í umræðum og ástundun.

Leikskólalaval - 2 stundir ½ vetur

Nemendur eiga kost á að fara á leikskóla í hverfinu einu sinni í viku. Nemendur fara inn á deildir og aðstoða starfsfólk, kynna sér starfsemi leikskólans og sinna leikskólabörnum. Valgreinin hefst á því að nemendur fá fræðslu um viðkomandi leikskóla og þær starfsreglur sem gilda í störfum með ungum börnum.

Markmið/áherslupættir/hæfniviðmið:

- að gera nemendur sjálfstæðari
- að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í atvinnulífinu
- að öðlast skilning á ólíkum þörfum barna
- að kynnast leikskólastarfi.

Námsmat: Ástundun, virkni og framkoma.

Ljósmyndun - 2 stundir ½ vetur

Farið verður yfir helstu tækniatriði við ljósmyndatöku og val á myndefni og mynduppbyggingu. Nemendur vinna verkefni sem samanstendur af myndasafni.

Munið að skila inn námsvali fyrir 20. maí 2022

Samhliða þessu verður farið í helstu atriði á myndvinnsluforriti (Lightroom) en myndir nemenda verða unnar þar. Stefnt er að því að hafa samkeppni um mismunandi viðfangsefni og yrðu þá myndir birtar í skólanum eftir föngum.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

- að gefa nemendum kost á að þroska hæfileika sína varðandi sköpun og tæknilega útfærslu og leikni er varðar afar útbreiddan miðil í nútímasamfélagi.

Námsmat: Þátttaka og virkni.

Matargerð frá öðrum löndum - 2 stundir ½ vetur

Í þessu vali blöndum við saman eldun og bakstri. Þemað verður asísk matargerð. Nemendur fræðast um krydd og algeng hráefni frá Asíu, fá að matreiða og baka ýmsa girnilega rétti. Talað verður um menninguna og söguna á bakvið uppskriftirnar, fjölbreytni og áhrifin sem að asísk matarmenning hefur haft í heiminum. Áhersla verður lögð á tækni við matargerðina, hreinlæti og góða umgengni.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- kynnist ólíkum hefðum í matargerð
- þjálfist í að nota mismunandi krydd
- þjálfist í að matreiða
- kynnist asískri matarmenningu.

Námsmat: Áhugi, virkni, sjálfstæði og vandvirkni.

Myndmennt - 2 stundir ½ vetur

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Nemendur þjálfa grunnþætti og aðferðir myndlistar svo sem myndbyggingu, þrí- og fjarvídd, teikningu, málun og mótun. Samtímis verður lögð áhersla á skapandi verkefni.

Kennsluáðferðir /viðfangsefni:

Málverk á striga: unnið út frá skissum, þrívítt verk/ skúlptúr

Jákvæð gagnrýni / skoðun: umræður um eigin verk og annarra á uppbyggjandi hátt.

Námsmat: Vinnulag, frumkvæði, framfarir, sjálfstæði, frumleiki, verkefnaskil.

Skák - 2 stundir ½ vetur

Farið verður með nemendum yfir grunnatriði í skák eins og byrjanir, miðtafl og endatafl. Auk þess verður nemendum kennt að nota skákklukku, skrá niður skákir, tefla á netinu og gefið tækifæri til að glíma í samvinnu við ýmsar þekktar skákþrautir. Áfanginn hentar jafnt byrjendum sem og lengra komnum. Stefnt verður að því að nemendur keppi fyrir hönd skólans í skákmóti grunnskólanna.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Munið að skila inn námsvali fyrir 20. maí 2022

Skólahreysti - 2 stundir allan veturinn

Undirbúningur og markviss þjálfun og æfingar fyrir áhugasama nemendur. Gerð er krafa um einbeitingu, úthald og mikinn áhuga á íþróttum. 6 nemendur úr 9. og 10. bekk munu að endingu taka þátt í Skólahreysti fyrir hönd skólans.

Skrautskrift - 2 stund ½ vetur

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- kynnist nokkrum leturgerðum
- læri að draga rétt til stafs
- þjálfist í að skrifa mismunandi leturgerðir.

Námsmat: Símat, virkni, vinnusemi og ástundun.

Skrekkur - 2 stundir 1/2 vetur

Undirbúningur og sýning á Skrekksatriði. Undirbúningur fyrir Skrekk er ákveðið ferli. Byrjað er á hugmyndavinnu, svo er unnið að handritsgerð og að lokum er atriðið æft til sýningar. Í Skrekk fá hæfileikar nemenda að njóta sín. Þar vinna ólík listform saman eins og dans, leiklist, tjáning, tónlist, búningagerð og sviðsmyndagerð. Skipulagshæfileikar nýtast einnig vel. **Kennslan er að hluta utan hefðbundinnar stundatöflu og mikilvægt að nemendur mæti á allar utanskóla æfingar. Mikil viðvera er í kringum sýningu.** Eftir sýningu er námskeiði lokið.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- þjálfist í framkomu
- þjálfist í textaflutningi
- þjálfist í raddbeitingu
- taki þátt í því að semja handrit
- þjálfist í persónusköpun
- efli samvinnu
- þjálfist í skipulagningu
- virki hæfileika sína.

Námsmat: Virkni, þátttaka og mæting.

Smíðaval - 2 stundir ½ vetur

Megináhersla verður lögð á að nemendur hanni, vinni og útfæri verk sín sjálfir eftir eigin hugmyndum.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

- að hvetja til hönnunar og virkja hugmyndaauðgi hvers og eins
- að þekkja ferlið frá hugmynd til fullunnins hlutar

Munið að skila inn námsvali fyrir 20. maí 2022

- að nemendur læri að nota vélar og verkfæri sem hæfa meðferð efna við frágang og yfirborðsmeðferð.

Námsmat: Ástundun, virkni, framfarir og vinnubrögð.

Spænska- 2 stundir ½ vetur

Kynning á spænskri tungu og menningu. Farið verður í grunnorðaförða spænsku og grunnmálfræði, t.d. hvernig eigi að heilsa, kveðja, litir, tölustafir, mánuðir, árstíðir, fatnaður, matur. Eins verður lesinn léttur texti, lagt fyrir hlustunarverkefni svo fátt einn sé nefnt.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

- að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði í spænskri málfræði
- að nemendur öðlist grunnorðaförða í spænsku
- að nemendur geti tjáð sig með stuttum einföldum setningum á spænsku
- að vekja áhuga nemenda á sögu og menningu Spánar og Suður-Ameríku
- að nemendur þekki til annarra spænskumælandi landa með spænsku sem opinbert tungumál

Námsmat: Virkni, þátttaka, og framfarir.

Stuttmyndagerð - 2 stundir ½ vetur

Nemendur vinni að gerð stuttmynda, búi til handrit og fylgi því eftir.

Mikilvægt er að allir nemendur hafi sitt hlutverk við gerð myndarinnar hvort sem það er við gerð handrits, leika eða leikstýra.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- nýti sér hugmyndir á skipulegan hátt
- geti nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju á frumsköpun á leikrænu/lístrænu efni
- geti skapað með öðrum nemendum leikþætti með söguþræði
- nýti sér forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð-og tónvinnslu.

Námsmat: Ástundun, virkni, jafningjamat og lokaverkefni.

Stærðfræðiaðstoð - 2 stundir allan veturinn

Valgrein sem miðar að því að aðstoða nemendur í stærðfræði og gera þeim enn auðveldara að takast á við hana. Farið í ýmis stærðfræðitengd efni auk þess sem nemendur geta fengið aðstoð við heimanám sitt í stærðfræði. Ætlað þeim sem hafa áhuga á að bæta sig í stærðfræði.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið

Munið að skila inn námsvali fyrir 20. maí 2022

Að nemendur:

- öðlist færni í stærðfræði og trú á eigin getu.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Sönglist - 2 stundir ½ vetur

Nemendur kynnast röddinni og möguleikum hennar. Nemendur fá kennslu í söng, bæði einsöng og samsöng. Unnið út frá áhugasviði þátttakenda. Einnig verður fræðst um og hlustað á nokkrar ólíkar tegundir söngs eins og rokk, popp, þjóðlaga, klassískan og jazz söng.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Að nemendur

- öðlist betri þekkingu á mannsröddinni og eigin rödd
- geti sungið nokkur mismunandi sönglög
- geti tekið þátt í samsöng og rödduðum söng
- geti tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, s.s. kórsöng eða samspili sjálfum sér og öðrum til ánægju
- geti tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði
- geti rökstutt skoðun sína á tónlist út frá eigin smekk og fagurfræði.

Námsmat: Samvinna, frumkvæði og þátttaka.

Útsaumur - 2 stundir ½ vetur

Grunnspar og aðferðir útsaums kynntar. Nemendur velja sér heilræði (quotes), texta eða orð og umgjörð í kringum textann og sauma út í fínan java. Lokaafurð sett í útsaumshring.

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið

Að nemendur:

- læri krosssaum í fínan java og að telja út
- geti þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli
- geti beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.

Námsmat: Ástundun, virkni, sjálfstæði, vandvirkni og lokaafurð.

Vegan matreiðsla - 2 stundir ½ vetur

Markmið/áhersluþættir/hæfniviðmið:

Nemendur læra að útbúa algengan mat sem ekki inniheldur kjöt eða fisk, egg, mjólkurvörur eða aðrar dýraafurðir og hvað nota má í staðinn. Nemendur útbúa pizzur, hamborgara, pastarétti og rétti úr baunum, grænmeti og grjónum t.d. mexíkóskan og

Munið að skila inn námsvali fyrir 20. maí 2022

indverskan mat (taco, burrito og karrírétti). Einnig verða bakaðar smákökur og annað sætabrauð og útbúnir ábætisréttir og drykkir.

Námsmat: Vinna og virkni.

Þýska - 2 stundir ½ vetur

Kynning á þýskri tungu og menningu. Farið verður í grunnatriði í þýsku með fjölbreyttum einstaklings- og hópaverkefnum. Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir sem stjórnast af áhuga og getu hópsins. Lögð verður áhersla á áhugasvið nemenda og munnlegar æfingar.

Markmið/áherslupættir/hæfniviðmið:

Að nemendur:

- öðlist jákvætt hugarfar gagnvart tungumálinu
- nái tókum á undirstöðuatriðum tungumálsins
- hafi grunn til að byggja á í framtíðinni
- nái tókum á einföldu talmáli og réttum framburði
- öðlist færni í að hlusta og skilja einfalt talað mál.

Námsmat: Þátttaka og virkni.

Verk- og listgreinaval Tækniskólans - 4 stundir - allan veturinn

Einungis fyrir 10. bekk

Þessi áfangi er kenndur í Tækniskólanum. Skólinn er án vafa best búni skóli landsins á þessu sviði. Nemendum geta valið um hönnun og nýsköpun, trúnað, tækniteikun, pípulagnir, málaraíð, rafíð – tölvu- og netkerfi, málmið, skipstjórn – siglingar og sjómennska, upplýsingatækni – forritun og vefsmíði, upplýsingatækni – ljósmyndun og myndvinnsla, hársnyrting, föt og fylgihluti. Nemendur þurfa að velja fjórar greinar. Nemendur fá kennslu þrjá tíma í senn á fjórum sjö vikna námskeiðum í þeim námsgreinum sem þeir hafa valið.

VALGREIN	STUNDIR	NÚMER VALS 1-6
Afrísk matargerð	1	
Afró dans	1	
Árbók	1	
Árshátíðarval	1	
Boltaval	2	
Bíó þrjón	1	
Enski boltinn og meistaradeildin	2	
Eurovision gleði	2	
Fjármálalæsi	1	
Formlegt nám metið	2	
Fornám ökunáms	1	
Frístundaval	1	
Heimanámsaðstoð	2	
Heimilisfræði	1	
Jóga og slökun	1	
Kynja- og kynfræðsla	1	
Leikskólaval	1	
Ljósmyndun	1	
Matargerð frá öðrum löndum	1	
Myndmennt	1	
Skák	1	
Skólahreysti	2	
Skrautskrift	1	
Skrekkur	1	
Smíðaval	1	
Spænska	1	
Stuttmyndagerð	1	
Stærðfræðiaðstoð	2	
Sönglist	1	
Útsaumur	1	
Vegan matreiðsla	1	
Þýska	1	
Tækniskólinn	4	

Veldu a.m.k. 6 stundir og forgangsraðaðu þannig að það sem þig langar mest til að fara í verði númer 1, næst mest númer 2 o.s.frv. alveg upp í 6. Reynt verður að taka tillit til forgangs röðunar, vandaðu valið og kynntu þér vel lýsingar á námsgreininni í bæklingnum. Mundu að vanda valið því ekki er víst að unnt verði að uppfylla allar óskir, fjöldi í valhóp getur t.d. haft áhrif þar á. Sé valgreinin kennd $\frac{1}{2}$ veturinn þá telur hún sem ein stund að meðaltali yfir veturinn; valgrein sem kennd er allan veturinn telst til tveggja stunda.

Athugið að val nemenda á valblaði er bindandi fyrir komandi skólaár



Reykjavíkurborg

Menntasvið

Nafn nemanda: _____ Bekkur: _____

Nám sem sótt er um að fá metið: _____

Vikulegar kennslustundir: _____

Lýsing á námi: _____

Forsendur fyrir umsókn eru eftirfarandi:

- Námið sé formlegt, til sé áætlun um námið, markmið og mat á árangri.
- Tímasókn sé skráð.
- Allur kostnaður sé greiddur af foreldrum.
- Foreldrar sækja formlega um fyrir börn sín.
- Eftirtalin gögn verða að fylgja: Vottorð frá skóla eða kennsluaðila um uppbyggingu námsins, markmið og mat. Tímafjöldi og skráning.
- **Foreldrar bera ábyrgð** á þessu námi barna sinna gagnvart Breiðholtsskóla og láta vita ef einhver misbrestur verður á.

Við, undirritaðir forráðamenn, lýsum því hér með yfir að við tökum fulla ábyrgð á ástundun barns okkar í ofangreindu námi, höfum kynnt okkur þær reglur sem um það gilda og fylgjumst með framvindu námsins.

Dagsetning: _____

Undirskrift forráðamanns

Undirskrift nemenda

Munið að skila inn námsvali fyrir 20. maí 2022